

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 4.000 og geymslugjald fyrir handsamaðan hund kr. 400 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 24. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. febrúar 1995 staðfest breytingar á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000 frá 30. nóvember 1984, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru:

- Verslunarlóð við Búðaröxl, sunnan Þjóðvegur, færist um breidd sína til suðausturs og iðnaðarsvæði stækkar sem því nemur.
- Landnotkun lóðar við hlið hótellóðar við Hafnarbyggð færist úr iðnaðarstarfsemi í lóð undir verslun og þjónustu.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 16. mars 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. mars 1995 staðfest aðalskipulag Egilsstaða 1993-2013, sem er endurskoðun á áður staðfestu aðalskipulagi frá 5. nóvember 1985.